





Skúlagata 4
Sjávarútvegshúsið



Austur

Skúlagata 4
Sjávarútvegshúsið



Greinagerð um hugmyndina að baki verkinu, efnisval, uppbyggingu og útfærslu.

Greinagerð um hugmyndina að baki verkinu

Myndefnið er á mörkum þess að vera óhlutbundið (abstrakt) og hlutbundið (fígúratívt). Leitað er eftir því að kítla minnið og vitneskjuna, að gefa tilfinningu fyrir sjónum og sjávarfangi án þess þó að raunheimurinn sé myndgerður af nákvæmni. Fremur að áhorfandi getur túlkað á mismunandi hátt hvað hann sér og skilur. Þarna bregður fyrir eða mótar fyrir fiski og hval, neti og öldum en allt er þetta samofið í eitt form sem umvefur sjálfan sig og skapar einhvað nýtt og óráðið. Formið er á hreyfingu, virðist skjótast upp úr jörðinni eða hafinu í átt að himninum, í átt að framtíðinni.

Á efri part myndar eru litlir speglar bróderaðir inn í myndefnið. Speglnir munu grípa ljósið og gefa verkinu tilbreytingu, endurvarpa umhverfinu og skjóta ljósgeislum því sólin skýn beint á efri part gaflsins á ákveðnum tíma dags. Ljósgeislarnir vísa beint í glitur hafsins, í glerhjúp Hörpu en einnig vonarneistana sem við leitum að til að halda áfram að þróast og þroskast.

Efnisval

Verkið verður að mestu málað með akríl málningu frá Slippfélaginu sem nefnist VITRETEX – Hágæða vatnsleysanleg akrílmálning sem hentar fyrir íslenskar aðstæður. Endingargóð og upplitast ekki.

Speglar frá Glerborg munu geta þolað harða veðráttu en samt haldið gljáleika sínum og þeir eru festir upp með sterku speglalími.

Uppbygging og útfærsla

Fyrsta skref er að varpa myndinni með skjávarpa á flötin og staðsetja myndefnið, þar með fæst gróf útlínu teikning sem málað er inn í af kostgæfni skref fyrir skref. Litabrigðin eru dregin fram með blöndun lita og málunartækni. Þegar sá grunnur er tilbúin eru útlínur málaðar ofan á lita-flötinn og síðast eru fletirnir sem speglarnir eiga að fara á mældir, úr þeim gerð skapalón og það síðan skorið í spegla. Þegar form speglanna liggur fyrir og þeir útskornir eru speglarnir festir á sinn stað og þar með er verkið tilbúið.

Til framkvæmdar þarf rafmagn og skjávarpa auk stiga til að varpa mynd. Skotlyftu til að vinna á flötinn. Málningu, pensla, rúllur, bakka, límband, spegla og lím.